



**Samstarfssamningur  
Norðurþings og Íþróttafélagsins Völsungs  
2023 - 2025**

VS



NORDURÞING

## Samstarfssamningur Norðurþings og Íþróttafélagsins Völsungs

Norðurþing, kt. 640169-5599, Ketilsbraut 7-9, 640 Húsavík (einnig vísað til sem „sveitarfélagið“) og Íþróttafélagið Völsungur, kt. 710269-6379, Stóragarði 8, 640 Húsavík (hér eftir Völsungur eða „félagið“) gera með sér eftirfarandi samstarfssamning.

### 1. gr. Inngangur

Með samstarfssamningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á íþróttastarfi í Norðurþingi.

Norðurþing skal treysta fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með samkomulagi um afnot íþróttamannvirkja og beinum fjárfamlögum.

Völsungur skal hafa það að markmiði í starfsemi sinni að bjóða börnum og unglungum skipulagt íþróttastarf undir leiðsögn vel menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem lýðheilsa og forvarnargildi íþrótta er höfð að leiðarljósi. Einnig að hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það geti náð sem bestum árangri. Völsungur leggur metnað í að þjónusta og hlúa að almenningsíþróttafólki og hvers kyns félagsstarfi íþróttafólks.

### 2. gr. Markmið samningsaðila

Markmið samningsaðila með samningnum er tvíþætt. Annarsvegar að skapa Völsungi aðstæður til að bjóða uppá fjölbreytt og öflugt íþróttastarf með hliðsjón af íþróttanámskrá félagsins bæði hvað varðar þjálfun barna, unglings og afreksfólks og þjónustu vegna almenningsíþrótta og félagsstarfs. Hins vegar reka félagsaðstöðu og þjónustu fyrir félagsfólk og aðra íþróttaiðkendur.

### 3. gr. Helstu verkefni Völsungs

Völsungur býður upp á öflugt íþrótta-, afreks-, tómstunda- og félagsstarf. Félagið rekur skrifstofu og félagsaðstöðu til að halda utan um kröftugt og faglegt starf félagsins.

Faglegt starf barna og unglings er í samræmi við íþróttastefnu stjórvalda, stefnur félagsins er varða einelti, forvarnir og jafnrétti og aðrar gildandi stefnur er málið varðar.

#### Skrifstofa

Völsungur hefur starfandi framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri Völsungs er framkvæmdastjóri alls félagsins og starfar í umboði Aðalstjórnar Völsungs. Framkvæmdastjóri stuðlar að framgangi verkefna sem Aðalstjórn Völsungs ákvarðar.

#### Faglegt starf

Íþróttafélagið Völsungur leggur áherslu á jafnrétti og að öll geti stundað og tekið þátt í því starfi sem fer fram undir merkjum Íþróttafélagsins Völsungs.

JHF  
AS.



#### 4. gr. Félagsaðstaða Völsungs

Félagsaðstaða Völsungs er á efri hæð í vallarhúsi við knattspyrnuvelli. Völsungur annast húsvörslu, ræstingar og eftirlit í félagsaðstöðu sinni. Norðurþing sér um ræstingu á neðri hæð vallarhúss.

Öll veitingasala í félagsaðstöðu Völsungs er í höndum félagsins, því er þó heimilt að fá þriðja aðila til að sjá um veitingasölu. Völsungi er heimilt að hafa leigutekjur af félagsaðstöðu í vallarhúsi en sér félagið þá um gæslu, þrif, eftirlit og ábyrgð á húsinu.

Völsungur fær aðstöðu fyrir þjálfara félagsins í íþróttahöllinni á Húsavík og aðgang að fundaraðstöðu í húsinu eins og við verður komið. Völsungur hefur einnig aðgang að geymslu í íþróttahöllinni.

Völsungur hefur aðgang að búningsklefum og rými inn af búningsklefum í kjallara Sundlaugar Húsavíkur. Miðað er við að áætlun um notkun komi fyrir 1. september ár hvert. Einnig fær íþróttafélagið aðgang að geymslurými í kjallara Sundlaugar Húsavíkur í samráði við íþrótta- og tómstundafulltrúa. Þrif og umhirða í sundlauginni er á ábyrgð og kostnað Norðurþings.

Völsungur hefur aðgang að búningsklefum og íþróttasal í íþróttahöllinni á Húsavík vegna æfinga og keppni. Framkvæmd íþróttæfinga og keppni er samvinnuverkefni starfsmanna íþróttamannvirkja og ábyrgðaraðila Völsungs. Virkt og opið samtal á milli starfsmanna varðandi öryggi og velferð þeirra sem sækja skipulagt starf. Í samræmi við „Reglur um öryggi í íþróttahúsum“ (Menntamálaráðuneytið 2002) mun starfsfólk íþróttamannvirkja og Völsungs fara reglulega yfir verklag og áherslur varðandi mál.

Allt viðhald og umhirða knattspyrnuvalla er á ábyrgð og kostnað Norðurþings nema um annað sé sérstaklega samið. Skal þá gerður sérstakur samningur um þau mál.

Völsungur kappkostar góða umgengni í allri þeirri aðstöðu sem það nýtir og er í eigu sveitarfélagsins.

#### 5. gr. Framlög og greiðslur Norðurþings

Norðurþing skal greiða Völsungi árleg fjárfamlög samkvæmt greiðsluáætlun Norðurþings og Völsungs. Að auki greiðir Norðurþing fyrir aðgang Völsungs að rafrænu skráningakerfi. Völsungur ber ábyrgð á því að sækja greiðslur til Norðurþings með því að senda reikning á skrifstofu Norðurþings.

#### Fjármagn til almenns reksturs

Framlagið skal m.a. nýtt til að greiða kostnað við rekstur skrifstofu og félagsaðstöðu Völsungs og daglegs rekstrarkostnaðar svo sem launa framkvæmdastjóra og annarra starfsmanna sem sjá meðal annars um rekstur, umsjón húsnæðis og skipulag barna- og ungingastarfsins. Völsungur

JHF  
VS.



NORDURÞING

Norðurþing og Völsungur sameinast um að hanna skilti þar sem merki beggja aðila eru sýnileg. Skiltið skal sett upp á áberandi stað í íþróttahöll, við sundlaug og á knattspyrnusvæði. Kostnaður við hönnun, uppsetningu og viðhald skiltis er á höndum Norðurþings.

#### **6. gr. Rekstur og skilyrði**

Völsungur leitast við að hagræða í rekstri sínum og tryggja hallalausan rekstur. Völsungur skilar inn ársskýrslu að loknu hverju almanaksári um starf félagsins. Í skýrslunni eru ársreikningar félagsins ásamt helstu upplýsingum um starf félagsins á liðnu almanaksári. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um barna og ungingastarf, kynjaskipting og aldursskipting. Árskýrslunni skal skilað inn fyrir 31.maí ár hvert. Hafi ársskýrsla ekki borist þann 30.júní hefur Norðurþing heimild til að stöðva greiðslur til félagsins.

#### **7. gr. Samskipti og upplýsingagjöf aðila**

Aðalstjórn Völsungs annast samræmingu á starfsemi deilda félagsins.

Norðurþing tryggir að erindi sem berast sveitarfélagini með öðrum hætti en frá aðalstjórn Völsungs verði ekki tekin til umfjöllunar í nafni félagsins.

Íþrótt- og tómstundafulltrúi kemur fram fyrir hönd Norðurþings varðandi nánari framkvæmd samnings þessa og annast dagleg samskipti við Völsung varðandi samninginn. Allt að þrisvar á ári getur Norðurþing óskað eftir fundi þar sem íþróttafélagið gerir grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins. Boðun fundanna eru á ábyrgð Norðurþings.

Að loknu hverju starfsári skal haldinn upplýsinga- og samráðsfundur stjórnar Völsungs og Fjölskylduráðs. Íþrótt- og tómstundafulltrúi ber ábyrgð á að boða þennan fund.

Framkvæmdastjóri Völsungs kemur fram fh. félagsins við Norðurþing varðandi dagleg samskipti og nánari framkvæmd samnings þessa.

Völsungur skal birta ársskýrslu á rafrænu formi á heimasíðu sinni. Í skýrslunni eru ársreikningar félagsins ásamt helstu upplýsingum um starf félagsins á liðnu almanaksári. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um barna og ungingastarf, kynjaskipting og aldursskipting. Árskýrslunni skal skilað inn fyrir 31. maí ár hvert.

Samningur þessi skal vera aðgengilegur almenningi og birtur á heimasíðum Norðurþings og Völsungs.

#### **8. gr. Ábyrgð aðalstjórnar Völsungs**

Framkvæmdastjóri félagsins í umboði aðalstjórnar ber ábyrgð á fjármálastjórn félagsins og tryggir að bókhald sé reglulega og réttilega fært. Öll framlög Norðurþings greiðast til aðalstjórnar.

Aðalstjórn Völsungs ber ábyrgð á skuldbindingum félagsins og tryggir að skuldbindingar deilda félagsins séu í samræmi við áætlanir, sampykktir og lög aðalstjórnar.

JHF  
JL.



Húsavík 20. febrúar 2023

F. h. Íþróttafélagsins Völsungs

Jónas Hauðór

F. h. Norðurbings

Norðurbirnig  
Jónas Hauðór